

Innflytjendamynd af Austurlandi

Ársfundur Austurbrúar

23. júní 2020

Tinna Halldórsdóttir



”


Já það gæti verið. Eins og engin vill bjóða mér í saumaklúbb. En svo sé ég Íslendinga sem eru nýflutt hingað og eru mjög fljót að komast inn í svoleiðis klúbba. En hérna er enginn að bjóða mér. Ekki eins og annarsstaðar á Íslandi eða í Noregi og þá var fólk bara mjög fljótt að bjóða mér.

(KVK | Asía)

”


Já og mér leiðist aldrei. Fólk spyr mig oft hvort mér leiðist ekki alveg hrikalega en ég er alltaf að gera eitthvað og alltaf upptekin. Ég get alltaf hringt í einhvern og spurt hvort einhver sé til í kaffi. Það er svo auðvelt að hittast ef maður vill og stundum get ég það ekki einu sinni því ég er svo upptekin.

(KVK | V-Evrópa)




Hlutfall erlends & íslensks ríkisfang á Austurlandi 1998 til 2019


■ Íslenskt ríkisfang ■ Erlent ríkisfang




Íbúafjöldi: Hlutfallsleg breyting eftir ríkisfangi miðað við stöðuna 2012



Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir stöðum: þróun sl. 20 ára



Innflytjendur * Austurland heild



Hlutfall Karlar Konur

Eskifjörður	17%	68%	32%
Borgarfjörður	17%	57%	43%
Reyðarfjörður	15%	58%	42%
Fáskrúðsfjörður	11%	61%	39%
Djúpivogur	11%	55%	45%
Seyðisfjörður	9%	54%	46%
Neskaupstaður	7%	52%	48%
Stöðvarfjörður	6%	45%	55%
Fljótsdalshérað	4%	48%	52%
Breiðdalsvík	4%	38%	62%
Vopnafjörður	3%	41%	59%




”

*Stundum já.. stundum nei.. stundum er erfitt
að vera útlendingur.. stundum rekst ég á
gamaldags hugsun en til þess að vera
sanngjarn verð ég að segja að ég veit
aðeins um eitt eða tvö atvik sem tengjast
rasisma sem ég hef upplifað hér á landi*
(KVK | Asía)


Land	Fjöldi	Hlutfall
Pólland	627	53%
Litháen	63	5%
Danmörk	52	4%
Þýskaland	33	3%
Ungverjaland	30	3%



Tekjur innflytjenda eftir landsvæðum * meðaltekjur innlendra




Menntun*kyn



”
Fyrir utan tungumálið og
menntunina þá þarftu líka að
þekkja fólk.. fólk sem veit hvar
tækifærin eru
(KK | S-Evrópa)

Aðlögun: Innflytjendur á Austurlandi



”

Maður þurfti auðvitað að ákveða sig, ef ég ætla að búa herna þá verður maður að læra þetta blessaða tungumál tungumálið. Ég hugsaði fyrst „nei hvernig á maður að tjá sig með þessu“. Sko, mín skoðun er sú að það þýðir ekkert fyrir Pólverja að fara á Íslenskunámskeið þar sem Íslendingur er að kenna. Pólverjar tala oft ekki ensku og það er ekkert samband á milli og kennarinn kann ekki að tala við þá. [...]

Það sem hjálpaði mér mest var að hittast með pólskum vinum mínum sem töluðu bæði íslensku og ensku. Við skrifuðum setningu á pólsku, þýddum hana yfir á ensku og síðan á íslensku. Svo skrifuðum við nákvæmlega upp hvernig átti að bera öll orð fram á íslensku og höfðum pólsku stafina inn í því með öllum hljóðum. Við vorum bara smá eins og leikskólabörn...

(KK | A-Evrópa)






ég held að það sé langbest að tala við ykkur.
Ekki vera bara útlendingar í sínum hóp og tala
við hvern annan og vilja ekki tala við neinn og
taka þátt í neinu.

(KVK | A-Evrópa)

Menningarmunur

■ Sammála ■ Ósammála




”

[Íslendingar] eru meira heimakær og ekki eins mikið að fara út til að hitta annað fólk. Eftir vinnu þá vilja þau frekar fara beint heim en að kíkja á barinn eftir vinnu á miðvikudegi.

*Já og þegar ég sé einhvern úr vinnunni í Bónus til dæmis þá kannski heilsa þau mér ekki en ég held að það sé bara venjulegt eða hvað?
[...] alltaf að reyna að bjóða fólk í heimsókn sem hann var að vinna með en fólk var ekki tilbúið til þess. Það vildi ekki koma.*

(KK | S-Evrópa)



Innflytjendur & skólastarf

■ Í lagi ■ Þarf að bæta




Okkur var ráðlagt þetta á fæðingardeildinni að við ættum ekki að tala íslensku við barnið okkar. Því við kunnum ekki að gera það rétt. Barnið okkar lærir bara hjá ykkur Íslendingum. Við tölum heima [x]
(KVK | A-Evrópa)

”

Það er bara eitt sem ég vill leggja áherslu á en ég er búin að nefna það. Það er þessi pólskumælandi kennari. Mér finnst það mjög mikilvægt.

Ég ýtti mikið á [stjórnendur] að fá pólskan kennara til að kenna krökkunum.

Það er alveg skýrt að þegar krakkar tala pólsku að þá er svo mikilvægt að þau kunni mjög vel pólsku til þess að þeir tali vel íslensku
(KK | A-Evrópa)



Næstu skref

- Móðurmálsstuðningi og öflugri íslenskukennslu.
 - Þetta má efla með þróunarverkefnum og nýta reynslu annarra þjóða af slíkum stuðningi og útfærslu þeirra úrræða sem þar er að finna.
- Upplýsingar
 - Æskilegt væri að heimasíður hefðu helstu upplýsingar aðgengilegar á ensku og vegna stærðar pólska samfélagsins á Austurlandi, einnig á pólsku.
- Réttindi og skyldur á vinnumarkaði
 - Um þriðjungur telur sig ekki hafa nægar upplýsingar um þessa hluti en ekki er samanburður við íbúa svæðisins almennt svo ekki er hægt að fullyrða um hvort þetta er eitthvað sem þarfnast sértækra viðbragða sem beinast að erlendu vinnuafli. Góð reynsla virðist vera af því að pólskumælandi starfsmenn séu aðgengilegir hjá AFLi og Fljótaldalshéraði.
- Tækifæri
 - Um helmingur svarenda taldi sig ekki búa við sömu tækifæri og innfæddir. Áhugavert væri að skoða þennan þátt betur og hvað felst í þessu viðhorfi. Hvort þarna er um að ræða stöðu á vinnumarkaði, félagslífi o.s.frv.



”

... hérna er lífið, að mínu mati, eðlilegt og auðvelt. Ertu að vinna? Þá áttu peninga. Þegar þú átt peninga getur þú allt, málið er dautt. Hefur þú tækifæri til þess að afla þér meiri peninga? Ég þarf ekki að læsa húsinu, ég þarf ekki að læsa bílnum mínum einu sinni. Ég þarf ekki að spá hvort að síminn minn sé í rassvasanum eða í vasanum framan á buxunum mínum til þess að passa að honum sé ekki stolið. Hérna er þetta bara allt annað, hérna er traust og öryggi og bara traust til annarra. Þegar ég segi þér eitthvað þá er það líklega satt, það er eiginlega enginn að ljúga. Þegar fólksfjöldi eru margar milljónir, þá getur þú sérð allt. Auðvitað líka einhverjir góðir hlutir. Þegar í bænum eru hundrað þúsund íbúar þar er auðvitað hægt að fara og versla hvenær sem er á kvöldin og næturnar líka en það er kannski ekki alveg hægt hérna, en það bara eitthvað sem skiptir mig ekki nokkru máli.

(KK | A-Evrópa)



Áhugavert efni

1. *Drög að stefnu um menntun barna og undmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*
2. *tungumálið.... opnar allar dyr*
3. *Innflytjendur á Austurlandi*
4. *Svona gerum við. Fjölmennung á Austurlandi*
5. *Rannsókn á launamun eftir bakgrunni 2008-2017*
6. *Sérhefti um innflytjendur 2019*
7. *Guðrún Veiga Guðmundsdóttir. (2011). Fjölmennung í Fjarðabyggð. Nýir íbúar á góðum stað [óbirt lokaverkefni]. Háskóli Íslands: Mannfræði.*
8. *Kjartan Þór Ingason. (2017). Samheldni og sundrung. Rannsókn á upplifun og sjálfsmynd Pólverja á Austurlandi [óbirt lokaverkefni]. Háskóli Íslands: Félagsfræði.*

